

Fundur í Íþróttá- og tómstundanevnd Langanesbyggðar haldinn þann 5.11.2008 kl. 17:00 í Veri. Mætt eru: Linda, Heiðrún, Sóley og Árni Davíð.

Dagskrá.

1. Umsóknir um stöðu íþróttá- og tómstundafulltrúa til umsagnar.

Umsóknir ræddar og ákveðið að hafa samband við umsækjendur og meðmælendur þeirra. Einnig ákveðið að auglýsa stöðuna aftur til umsóknar og sjá hvað kemur út úr því.

2. UMFL – starfsemi vetrarins

Sölvi Alfreðsson mætti á fundinn og skýrði lítillaga frá starfseminni sem fram undan er. Vonandi að frjálsar æfingar geti verið í vetur. Umræður í gangi um að einhverju leyti æfingar með Bakkfirðingum einu sinni í viku. Sótt hefur verið um að hafa einn riðil á Þórshöfn í Íslandsmóti í knattspyrnu, KSÍ er með málið til umfjöllunar. Raufarhöfnungar verða einnig með á æfingum fyrir Íslandsmótið.

3. Félagsheimili – viðhald

Bókun: ÍTN beinir þeirri fyrirspurn til hreppsnefndar hvort áætlun sé fyrirbyggjandi varðandi klæðningu Þórsvers.

4. Sport-ver – gufubað

Varahlutir berast ekki og er það þar sem allt strandar á. Málið er enn í vinnslu og er ekki von til að gufubaðið komist í lag fyrir jóla.

5. Stulli 08, flott án fíknar og klúbbastarfsemi

Skila þarf inn stuttmynd fyrir næstu mánaðamót til að eiga von um að geta tekið þátt í stuttmyndasamkeppni. Ákveðið að fresta klúbbastarfsemi þar til íþróttá- og tómstundafulltrúi hefur verið ráðinn.

6. Dansnámskeið Önnu Breiðfjörð

Vel látið af námskeiðinu og er áhugi fyrir því að hittast einu sinni í mánuði (2. fimmtudag í mánuði) til að viðhalda kunnátunni. Reyna á að fá Önnu aftur eftir áramótin.

7. Önnur mál

Eftirfylgd.

Varðandi öryggismál í Svartholi.

ÍTN ítrekar samþykkt hreppsnefndar Langanesbyggðar frá 4.07.2008 varðandi öryggismál í Svartholi.

Fleira ekki rætt
Fundi slitið kl. 17:55
Fundargerð ritaði Árni Davíð Haraldsson